

Hörgársveit
Jakobína Ósk Sveinsdóttir
Pelamerkuskóli
601 Akureyri

Reykjavík, 21. febrúar 2024
UST202402-263/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 og deiliskipulag- Glæsibær, 3. áfangi íbúðarbyggðar

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hörgársveitar er barst 15. febrúar þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu á aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 fyrir Glæsibær, 3. áfangi íbúðarbyggðar og tillaga fyrir deiliskipulag.

Í greinargerð kemur fram að skipulagsverkefnið snýr að skipulagningu 3. áfanga íbúðarsvæðis í landi Glæsibæjar. Auk þess kemur fram að breytingin gengur út á að íbúðarsvæði ÍB2 stækkar til vesturs um 6 ha inn á svæði sem í dag er skilgreint sem landbúnaðarsvæði (L) í aðalskipulagi. Deiliskipulag 3. áfanga íbúðarbyggðar er framhald af áður skipulögðum áföngum íbúðarbyggðar í landi Glæsibæjar þar sem gert yrði ráð fyrir íbúðarbyggð með 14 nýjum einbýlis-, par- og raðhúsalóðum.

Umhverfisstofnun bendir á ósamræmi milli aðalskipulagstillögunnar og deiliskipulagstillögunnar en einnig innan aðalskipulagstillögunnar, t.d. varðandi fjölda lóða og fjölda íbúða.

Þéttbýli

Þar sem skipulagstillagan tekur til íbúðarsvæðis utan þéttbýlisstaða sveitarfélagsins þá telur stofnunin mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvernig hún samrýmist kafla 2.1.1 í Landskipulagsstefnu þar sem fjallað er um sjálfbæra byggð í skipulagsáætlunum, en þar segir: „Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru.

Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.“

Í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar segir að í Glæsibæ er áætlað að byggja upp íbúðarbyggð auk þess að efla rekstur og möguleika Glæsibæjarkirkju. Einnig segir með uppbyggingunni verður fjölbreytt framboð á lóðum í sveitarfélaginu bæði einbýlis- og fjölbýlishúsalóðum, í nágrenni við Akureyri.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að fjalla þarf um fráveitumál í deiliskipulaginu, en samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

Umhverfisstofnun vill benda á leiðbeiningarit¹ um minni fráveitur sem hægt er að hafa til hliðsjónar.

Blágrænar ofanvatnslausnir

Samhliða uppbyggingu í sveitarfélaginu og úrbótum á eldri fráveitukerfum er mikilvægt að aðskilja regn- og skólþvatn til að minnka umfang fráveitunnar. Því telur Umhverfisstofnun jákvætt að sjá áætlanir um blágrænar ofanvatnslausnir í skipulaginu.

Umhverfisstofnun hvetur sveitarfélagið til að skoða aðrar náttúrulegar lausnir, t.d. blágrænar ofanvatnslausnir fremur en að veita ofanvatni í fráveitu sveitarfélagsins. Of mikið aðkomuvatn í fráveitukerfi eykur kostnað við fráveituhreinsun og þyngir reksturinn. Hægt væri að gera ráð fyrir hreinsivirki sem er minna umfangs ef hægt væri að koma ofanvatni í annan umhverfisvænni farveg. Þá skal auk þess vekja athygli á því að mikill hluti rusls kemur með ofanvatni og því þarf að gera ráð fyrir hreinsun á því, t.d. með settjörnum í stað hreinsivirkis.

Aðgengi

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými fyrir aðgengi almennings meðfram strandlengjunni, ám og vötnum svo að útivistargildi skerðist ekki og bendir á skipulagsreglugerð nr. 90/2013 gr. 5.3.2.14., þar sem fjallað er um aðgengi almennings að vötn, ám og sjó.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur

¹ https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Lei%3fb0b_minni%20fr%3a1veitur_LOKA.pdf